

✉ Snjóflóðavarnir á Seyðisfirði, Aldan og Bakkahverfi - frummatsskýrsla

Búið til	18.5.2020 10:28:13
Höfundur	Trausti Baldursson
Sent	18.5.2020 10:28:12
Tilheyrir	📁 202004-0026 - Snjóflóðavarnir á Seyðisfirði, Aldan og Bakkahverfi - beiðni um umsögn

Efni

Snjóflóðavarnir á Seyðisfirði, Aldan og Bakkahverfi - frummatsskýrsla

Upplýsingar

Sent	18.5.2020 10:28:12	Staða	Imported
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

Vinnsla

Þátttakendur

Frá	Trausti Baldursson - NI (Trausti.Baldursson@ni.is)
Til	skipulag@skipulag.is, jakob@skipulag.is

Innihald

<p>Vísað er til bréfs frá Skipulagsstofnun, dags. 14. apríl sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um frummatsskýrslu vegna snjóflóðavarna á Seyðisfirði.</p> <p>Að mati Náttúrufræðistofnunar og með m.t.t. hlutverks stofnunarinnar munu framkvæmdirnar valda hvað mestum umhverfisáhrifum á gróðurfar, fuglalíf og landslag. Áhrif á jarðminjar verða óveruleg. Töluverð neikvæð áhrif verða einnig á menningarmínjar. Um 23 ha af landi verður raskað sem mun valda breytingum á gróðurfari og búsvæðum fugla. Með því að græða framkvæmdasvæðið upp með staðargróðri við lok framkvæmda má að einhverju leiti endurheimta bæði gróðurfar og búsvæði þeirra tegunda plantna og dýra sem þar þrífust áður. Mikilvægt er að skoða/vakta hvernig til tekst að nokkrum árum liðnum. Vegna fuglalífs er mikilvægt að framkvæmdatími sé utan varptíma eins og fram kemur í umfjöllun um mótvægisáðgerðir á bls. 47.</p> <p>Náttúrufræðistofnun telur með hliðsjón af hlutverki stofnunarinnar að framangreind frummatsskýrsla geri með fullnægjandi hætti grein fyrir framkvæmdinni, umhverfi hennar og umhverfisáhrifum sem og mótvægisáðgerðum og vöktun svo hægt sé að byggja á henni matsskýrslu.</p> <p>Virðingarfyllst,</p> <p>Trausti Baldursson Náttúrufræðistofnun Íslands Icelandic Institute of Natural History Urriðaholtsstræti 6-8 210 Garðabær</p>

Sími/Tele: 590 0500

Email: trausti@ni.is (mailto:trausti@ni.is)



Viðhengi

image001.gif (2 KB)

image001.gif (2 KB)